

Starfslýsing fyrir matráð

1. Það er einn matráður í Grenivíkurskóla og lýtur hann verkstjórn skólastjóra. Hann hefur yfirumsjón með mötuneyti Grenivíkurskóla og sér um þrif á innri matsal og eldhúsi.
2. Matráður, sem aðrir starfsmenn skóla, er bundinn þagnarskyldu. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Helstu verkefni matráðs eru:

- Að sjá um matarinnkaup, taka við kostinum og ganga frá honum.
- Að útbúa matseðil mánaðarins í samráði við heimilisfræðikennara.
- Matráður, eins og aðrir starfsmenn, kynnir sér og vinnur í samræmi við stefnu Grenivíkurskóla varðandi mötuneytið. Í stefnunni segir m.a. að mötuneyti Grenivíkurskóla sé rekið í samræmi við ráðleggingar Landlæknis um hollt mataræði. Matráður skal reglulega fá tækifæri til þess að sækja starfstengd námskeið og fá ráðleggingar frá næringarfræðingi varðandi starfið.
- Að skera niður ávexti og grænmeti fyrir nemendur fjóra morgna í viku, frá mánudegi til fimmtudags.
- Að sjá um að nemendur dragi um sæti í matsalnum mánaðarlega.
- Að aðstoða heimilisfræðikennara við kennslu og stjórna frágangi nemenda. Skólaliðar sjá um að skammta mat og aðstoða við frágang.
- Að veita fyrstu hjálp ef slyss eða óhöpp ber að höndum.
- Að gera húsverði viðvart um allar bilanir, sem vart verður við, og einnig ef efni eða áhöld vantar til ræstinga.
- Að þrifa eldhús og innri matsal.
- Að fara reglulega yfir áhöld og búnað í eldhúsi og sjá um að kaupa smááhöld sem til þarf. Öll útgjöld þarf að bera undir skólastjóra.
- Að sinna öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri felur honum og fellur undir skólastarf án þess að vera kennsla.